



Október 2021

Ágætu félagar

Nýtt starfsár er hafið og þið hafið örugglega haft í mörg horn að líta við að koma skólastarfinu af stað. Stjórn Félags Uppbyggingar sjálfsaga hefur hist og rætt um starfið framundan. Markmið okkar er að gera okkar besta í að aðstoða ykkur við að efla uppbyggingastarfið þannig að þið, nemendur ykkar og starfsfólk skólanna blómstrið í störfum ykkar.

Í sumar og haust fóru fram námskeið á ýmsum stöðum á landinu. Okkur telst til að rúmlega 1000 starfsmenn leik- og grunnskóla hafi tekið þátt í fræðslufundum og námskeiðum síðustu mánuði.

Stjórnin hefur ákveðið að næsta sumar verði félagið, að öllu óbreyttu, með fræðsludag/ráðstefnu í stað afmælisráðstefnunnar sem var á dagskrá tvö síðustu ár. Nánar um það síðar.

Við ætlum að halda áfram að bjóða upp á stutt rafræn fræðsluerindi/örfundi og spjall 4-5 sinnum yfir skólaárið. Stefnt er að fyrsta rafræna fundinum fimmtudaginn 28. okt. kl. 15:00. Dagskráin er enn í mótun en við sendum ykkur upplýsingar þegar nær dregur. Erindin verða í 10-15 mín. og síðan umræður á eftir þannig að við erum að tala um 30-40 mín. fundi.

Það væri vel þegið að fá ábendingar frá ykkur um efni sem við getum rætt á rafrænu örfundunum. Þið eruð að gera svo margt skemmtilegt, nýjar útfærslur, myndefni o.fl. o.fl. sem öðrum þætti gaman að vita af. Endilega verið í sambandi við okkur í stjórninni og látið vita því þið eruð félagið og við vinnum þetta saman.

Við hvetjum ykkur líka til að senda okkur á Facebook síðuna eða Instagram síðuna frásagnir og myndir úr uppbyggingastarfinu. Það er alltaf hvetjandi og gefur öðrum ótrúlega skemmtilegar hugmyndir.

Taupokarnir sem hafa verið til hjá félaginu eru að seljast upp en von er á nýjum innan tíðar. Þeir hafa verið notaðir í margskonar verkefni í skólunum og meðal starfsmanna. Þeir koma aftur í fjórum litum og best er að panta taupokana á vef félagsins [www.uppbygging.is](http://www.uppbygging.is) undir hnappnum „Bækur og útgáfa“ eða hafa samband við gjaldkera félagsins Sveinbjörn Markús Njálsson og panta poka ([sveinbjorn.njalsson@gmail.com](mailto:sveinbjorn.njalsson@gmail.com))

Með uppbyggjandi kveðju

Guðbjörg M. Sveinsdóttir

[gudbjorgmsv@gmail.com](mailto:gudbjorgmsv@gmail.com)

formaður Félags um Uppbyggingu sjálfaga